


LOKASKÝRSLA

KVENNA- VERKFAÐ

2023



Kvinnaverkfall 2023

Lokaskýrsla

Ritstjórn:

Inga Auðbjörg K. Straumland

Texti:

Inga Auðbjörg K. Straumland

Freyja Steingrimsdóttir

Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Fríða Rós Valdimarsdóttir

Dagný Aradóttir Pind

Umbrot:

Inga Auðbjörg K. Straumland

Myndir:

Heiðrún Fivelstad,

Sam Monsen, Isa Kiviahó,

Sigrún Helgudóttir og fleiri.

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ÚR BAKSLAGI Í BYLTINGU

Allar byltingar fela í sér að í kjölfar þeirra myndast nokkuð sterkur mótvindur. Eftir #metoo bylgjuna tók við tímabil þar sem umræðan um skaðsemi kynferðislegrar áreitni og ofbeldis jókst, fleiri mál komust upp á yfirborðið og fæstir þora lengur að segja upphátt að þeir trúir ekki þolendum eða styðji þá ekki. En svo varð ákveðið bakslag og margir virtust líta svo á að hér væri komið á nægilegt jafnrétti, eða að minnsta kosti stæði Ísland sig best í heimi í þeim efnum—og gjarnan var spurt hvað þyrfti eiginlega meira til. Ládeyða myndaðist í opinberri umræðu um jafnréttismál—svolítið eins og það þyrfti ekki að ræða það lengur. Þetta muni allt koma með tímanum; við þyrftum bara að sýna þolinmæði.

Margt hefur sannarlega breyst til batnaðar undanfarin ár en þó eru ótal dæmi um það hvernig karlar fara enn með óskrifuð völd yfir konum, kvárum og jaðarsettum samfélagshópum. Völd þeirra birtast á vinnustöðum, inni á heimilum og á hvers kyns vettvangi þar sem skoðanir þeirra ráða enn ríkjum. Þeim er frekar hampað, þeir fá frekar ábyrgðarstöður og aukagreiðslur vegna kyns síns. Skaðlegar hugmyndir um hlutverk kynjanna gera það auk þess að verkum að konur sjá í mun meiri mæli um börn og heimilishald, að ekki sé minnst á þriðju vaktina. Þá er löngu vitað að meginástæða launamunar kynjanna sé vegna þess að vinna stórra kvennastétta er mun lægra metin en karlastétta—án þess að nokkuð breytist. Og þrátt fyrir byltingu í hugarfari og umræðu um kynferðisofbeldi

er meðvirkni með gerendum ennþá gríðarleg eins og hefur sést á mikilli umfjöllun um slaufunarmenningu síðustu misseri. Sú meðvirkni trompar raunar enn samstöðu og stuðning við þolendur í samfélagslegri umræðu og ekki að sjá að gerendur séu látnir sæta ábyrgð þrátt fyrir ákall þar um. Metþátttaka á stærsta útifundi Íslandssögunnar, kraftur og samstaða um allt land leystu úr læðingi galdra sem við erum sannfærðar um að muni skila okkar betra samfélagi.

Eftir tímabil sem einkenndist ekki einungis af ládeyðu á sviði jafnréttismála, heldur einnig af bakslagi, sem er knúið áfram af kerfisbundnum aðgerðum þeirra sem sjá ofsjónum yfir meintum forréttindum og frekju jaðarsettra hópa, kviknaði því hugmyndin um að halda Kvennaverksfall þann 24. október 2023. Aðgerða var þörf.

Afdráttarlausar undirtektir við hugmynd um Kvennaverksfall endurspegluðu mjög sterkt að ákall var um að jafnrétti yrði aftur sett á oddinn: Að tryggja þyrfti lifandi umræðu til að halda áfram að afhjúpa úrehtar og oft ómeðvitaðar hugmyndir okkar og að settar verði fram framsækningar og skýrar kröfur um aðgerðir í þágu endanlegs jafnréttis. Tími til undirbúnings var skammur, enda þó flest þau sem tóku þátt í að skipuleggja viðburðinn brenni fyrir málefninginu, erum við almennt með of mörg járn í eldinum. Okkar gæfa var hversu mörg voru tilbúin að spretta af stað með okkur, boðin og búin að gera og græja, hjálpa og styrkja og sömuleiðis hversu ótrúlega samstíga framkvæmdastjórnin og skipulagsteymið voru, sem er ekki sjálfgefið þegar álagið er mikið, skoðanir eru fjölbreyttar og hlaupa þarf hratt.

Þátttaka í Kvennaverksfallinu sjálfu, á 21 stað um land allt, fór fram úr okkar villtustu draumum. Við höfum heyrt að mörg hafi hlegið, grátið, dansað, öskrað, fengið gæsahúð og síðast en ekki síst valdeflst með þátttöku í dagskrá í

sinni heimabyggð eða óbeint fyrir þau sem ekki áttu kost á að mæta á staðinn. Verksfallið vakti auk þess heimsathygli og blés konum og kvárum víðsvegar um heiminn baráttuanda í brjóst.

Metþátttaka á stærsta útifundi Íslandssögunnar, kraftur og samstaða um allt land leystu úr læðingi galdra sem við erum sannfærðar um að muni skila okkar betra samfélagi. Þegar upp er staðið er þetta eitt stærsta ævintýri lífs okkar og við erum óendanlega þakklátar og stoltar að tilheyra samfélagi sem rís upp gegn ójafnrétti með svo afgerandi hætti—vitandi að samstaðan mun skila okkur stærstu sigrunum. Byltingin heldur áfram.

Fokk feðraveldið!

// Framkvæmdastjórn Kvennaverksfalls 2023

“

Metþátttaka á stærsta útifundi Íslandssögunnar, kraftur og samstaða um allt land leystu úr læðingi galdra sem við erum sannfærðar um að muni skila okkar betra samfélagi.

”

INNGANGUR

24. október árið 1975 fóru konur í verkfall til að sýna fram á hversu mikilvæg launuð og ólaunuð störf þeirra væru fyrir samfélagið. Dagurinn markaði spor í sögu íslenskrar og alþjóðlegrar kvennabaráttu. Það voru samtök kvenna og stéttarfélag sem stóðu að Kvennafrídeginum sem talið er að allt að 90% kvenna á Íslandi hafi tekið þátt í og 25.000 konur safnast saman á stærsta útifundi sögunnar á þessum tíma.

Síðan þá hefur Kvennafrí verið haldið fimm sinnum> (1985, 2005, 2010, 2016 og 2018. Frá Kvennafrí 1985 hefur ekki verið um heils dags verkfall að ræða heldur hefur verið gengið út á ákveðnum tíma dags til að vekja athygli á launamisrétti kynjanna.

Þótt mikið hafi áunnist frá árinu 1975 hefur ekki verið orðið við meginkröfu Kvennafrís: Að störf kvenna séu metin að verðleikum. Atvinnutekjur kvenna eru enn 21% lægri en karla og hefðbundin kvennastörf eru talsvert verr launuð en karlastörf. Konur sem starfa við ræstingar, umönnun og menntun barna, þjónustu við veikt fólk, fólks með fötlun og aldraðra eru á einna lægstu launum í íslensku samfélagi. Þá birtist kerfisbundið misrétti í því að 40% kvenna hafa orðið fyrir kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, að trans fólk, þ.m.t. kynsegin fólk, konur með fötlun og konur af erlendum uppruna verða fyrir meira ofbeldi en aðrir hópar. Og svona mætti lengi telja.

AÐDRAGANDI

Á Kvennaþingi, sem haldið var af tilefni 40 ára afmæli Kvennalistans þann 18. mars 2023 var sett fram hugmynd um að boða til heils dags Kvennaverkfalls 24. október 2024. Hugmyndin fékk afgerandi undirtektir og var svo rædd áfram á viðburði Kvennalistakvenna á Kynjaþingi Kvenréttindafélags Íslands þann 13. maí. Þar var ákveðið að BSRB tæki frumkvæði að því að senda boð á þau samtök kvenna, launafólks og hinsegin fólks sem hafa staðið að Kvennafríinu ásamt netfangalista sem myndaðist á Kvennaþinginu.

Fundurinn fór fram á Grettisgötu og í fjarfundi, þann 23. júní og þar var ákveðið að halda viðburðinn sama ár, og kalla viðburðinn framvegis Kvennaverkfall, í stað Kvennafrís. Þá voru meginþemu dagsins valin, sem voru kynbundið og kynferðislegt ofbeldi gegn konum og kynsegin fólk og kerfisbundið vanmat á störfum kvenna. Í kjölfarið var skipuð framkvæmdastjórn með fulltrúum frá félögum aðstandenda. Rætt var um hvort stofna ætti undirhópa líkt og í fyrri Kvennafríum en ákveðið var að hafa frekar stærri framkvæmdastjórn og skipuleggja undirhópa eftir þörfum þar sem hálfgerð verkefnateymi hafði orðið til á skrifstofu BSRB. Fyrri undirhópar og mikilvæg atriði til að hafa í huga

Kvennaverkfall í stað Kvennafrís

Upphaflega tillagan að heiti árið 1975 var að þetta yrði Kvennaverkfall. Það fór fyrir brjóstið á einhverjum og var gerð sú málamiðlun að kalla þetta Kvennafrí. Samkvæmt viðtölum við fulltrúa Rauðsokka-hreyfingarinnar sem áttu hugmyndina voru þær ekki fullkomlega sáttar við þessa nafngift; í þeirra huga var þetta alltaf Kvennaverkfall. Svo aðstandendur líta svo á að þetta sé réttara heiti. Hvort sem þetta er Kvennafrídagur eða Kvennaverkfall eru markmiðin þau sömu — og hvorugt er raunverulegt frí eða verkfall heldur baráttudagur. Sömuleiðis var nafnið valið til að undirstrika mikilvægi framlags kvenna og kvára á vinnumarkaði og heima fyrir og krefjast þess að gripið verði til róttækra aðgerða til að uppræta faraldur ofbeldis gegn konum og öðrum jaðarsettum hópum svo dæmi sé tekið.

Inngilding kynsegin fólks

Snemma var ákveðið að nú skyldi Kvennaverksfall einnig ná til kynsegin fólks, en kvár og konur eiga það sameiginlegt að vera jaðarsett af feðraveldinu, framlag þeirra vanmetið og þau verða fyrir ofbeldi í mun meira mæli en karlar. Þá hafa kvennahreyfingar í sumum löndum í kringum okkur aðskilið sig frá trans fólki, þar með talið kynsegin fólki, og jafnvel unnið gegn þeim. Skipuleggjendum þótti mikilvægt að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að vinna gegn þessari þróun með inngildingu kvára. Þessi inngilding gekk ekki fullkomlega hnökralaust, en er góð byrjun og átti þátt í aukinni vitund um kynsegin fólk, málefni þeirra og hugtök þeim tengd.

Baráttufundir voru haldnir á 21 stað á landinu, sá stærsti þeirra í Reykjavík, en áætlað er að um 100.000 manns hafi safnast saman við Arnarhól.

við undirbúning eru: skipulagning viðburða á landsbyggð, textavinna, almannatengsl og samfélagsmiðlar, dagskrá útifundar í Reykjavík, skiltagerð, kröfugerð og yfirlýsing fundar ásamt þýðingum.

Einnig var rætt um fjármögnun og ákveðið að sækja um styrki til ríkis, Reykjavíkurborgar, heildarsamtaka launafólks og stéttarféлага líkt og áður hefur verið. Enn fremur var lögð rík áhersla á að tryggja þyrfti aðkomu fjölbreyttari einstaklinga og hópa en sátu fundinn. Í kjölfarið var stofnaður Facebook hópur að því markmiði að fá fleiri áhugasöm að undirbúningi og skipulagningu og voru fundargerðir, upplýsingar og umræður þýtt á ensku. Mikill áhugi var fyrir því að virkja konur og kvár í skapandi greinum til undirbúnings og til að stuðla að vitundarvakningu um jafnréttismál og var haldinn sérstakur fundur í lok júní þar sem fjölda var boðið en þátttaka var lítil. Hugmyndina var meðal annars að rekja til styrkleika Rauðsokkahreyfingarinnar sem fólst í myndmáli, gjörningum og annarri skapandi nálgun til að koma boðskapnum á framfæri en þar áttu listakonur stóran þátt. Þann 18. ágúst var svo haldinn annar undirbúningsfundur þar sem enn stærri og fjölbreyttari hópur var boðið ásamt aðstandendum þar sem var rifjað upp ákvarðanir fyrri fundar, hvað hefði þegar verið framkvæmt af ákvörðunum og framkvæmdastjórn Kvennaverksfalls skipuð.

Fyrstu verkefni framkvæmdastjórnar voru ákvörðun um ráðningu viðburðarstjóra, gerð fjárhagsáætlunar og styrkjaumsókna ásamt umræðu um skipulag dagsins og ábyrgðar verkþátta. Áfram var rætt um skort á fjölbreytileika þeirra sem komu að undirbúningi og skipulagningu Kvennaverksfallsins og ákveðið að halda áfram að leita til ólíkra hópa til að tryggja aðkomu þeirra. Sérstaklega þyrfti að tryggja aðkomu kvenna og kvára af erlendum uppruna og með fötlun ásamt kynsegin fólki. Tengslanetið var virkjað í þeim tilgangi en einnig látið boð berast til aðstandenda og facebook hópurinn nýttur. Enn fremur var ákveðið að leita þyrfti til yngra fólks og var í framhaldinu haldinn fundur þar sem hópi ungra femínista úr ólíkum áttum var boðið. Þar voru kynntar hugmyndir að undirbúningi og þá tók við umræða þar sem fjölmargar góðar hugmyndir kviknuðu s.s. að halda skyldi vinnusmiðju til að fá fjölbreyttari raddir að undirbúningi.

GRUNNUPPLÝSINGAR

Hvað:

Sólarhrings Kvennaverksfall í launuðum og ólaunuðum störfum

Hvar: Um allt land

Hvenær: 24. október 2023

Hver: Konur og kynsegin fólk



STJÓRNÝSLA

AÐSTANDENDUR

Hátt í fjörutíu félag launafólks, kvenna og hinsegin fólks voru formlegir aðstandendur Kvennaverksfalls ársins 2023.

- ▶ Aflið
- ▶ Alþýðusamband Íslands
- ▶ Bandalag kvenna í Reykjavík
- ▶ BHM - Bandalag háskólamanna
- ▶ BSRB
- ▶ Druslugangan
- ▶ Druslubækur og Doðrantar
- ▶ Delta Kappa Gamma, félag kvenna í fræðslustörfum
- ▶ Femínísk fjármál
- ▶ Femínistafélag HÍ
- ▶ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
- ▶ Félag kynjafræðikennara
- ▶ Félag um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi
- ▶ Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna
- ▶ IceFemin
- ▶ Kennarasamband Íslands
- ▶ Kítón
- ▶ Knúz.is
- ▶ Kvenfélagasamband Íslands
- ▶ Kvannahreyfing ÖBÍ
- ▶ Kvennaráðgjöfin
- ▶ Kvennasögusafn Íslands
- ▶ Kvenréttindafélag Íslands
- ▶ Líf án ofbeldis
- ▶ Rótin
- ▶ Samtök um kvennaathvarf
- ▶ SSF - Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja



- ▶ Samtökin '78
- ▶ Soroptimistasamband Íslands
- ▶ Stígamót
- ▶ UN Women Ísland
- ▶ Ungar athafnakonur
- ▶ WIFT – Konur í kvikmyndum og sjónvarpi
- ▶ W.O.M.E.N. in Iceland – Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi
- ▶ Q - félag hinsegin stúdenta
- ▶ Zontasamband Íslands
- ▶ Öfgar





FRAMKVÆMDASTJÓRN

- ▶ Bergrún Andradóttir // Samtökin '78
- ▶ Drífa Snædal // Stígamót
- ▶ Ellen Calmon // Kvenréttindafélag Íslands
- ▶ Elva Hrönn Hjartardóttir // UN Women Ísland
- ▶ Finnborg Salome Steinþórsdóttir // Femínísk fjármál
- ▶ Elísa Jóhannsdóttir // BHM
- ▶ Guðrún Margrét Guðmundsdóttir // ASÍ
- ▶ Kristín Ástgeirsdóttir // ICEFEMIN
- ▶ Linda Dröfn Gunnarsdóttir // Samtök um Kvennaathvarf
- ▶ Ragnheiður Davíðsdóttir, kynjafræðingur
- ▶ Rakel Adolphsdóttir // Kvennasögusafn Íslands
- ▶ Sara Stef. Hildardóttir // Rótin
- ▶ Sonja Ýr Þorbergsdóttir // BSRB
- ▶ Steinunn Rögnvaldsdóttir // Femínísk fjármál
- ▶ Tatjana Latinović // Kvenréttindafélag Íslands
- ▶ Þuríður Harpa Sigurðardóttir // ÖBÍ réttindasamtök

STARFSFÓLK

Viðburðarstýra

Inga Auðbjörg K. Straumland var ráðin viðburðarstýra verkefnisins í tvo mánuði. Verksvið hennar var verkefnastjórn, yfirsýn, samskipti við aðstandendur, haghafa og birgja, vefhönnun, dagskrárgerð og fleira. Viðburðarstýra hafði aðsetur hjá BSRB.

Starfsfólk BSRB

Starfsfólk BSRB tók að sér stór verkefni fyrir verkefnið. Freyja Steingrímsdóttir tók að sér fjölmiðla- og kynningarmál í víðu samhengi, auk þess að hafa yfirsýn yfir fjármál verkefnisins, Sonja Ýr Þorbergsdóttir tók að sér ýmis verkefni er vörðuðu fjölmiðlamál, styrkjamál og samskipti, Fríða Rós Valdimarsdóttir aðstoðaði og hafði yfirsýn yfir viðburði á landsbyggðinni, meðal annarra verkefna og Dagný Aradóttir Pind hafði m.a. umsjón með ábendingagátt og algengum spurningum. Auk þessara verkefna gengu þær í alls kyns önnur verk.

Verktakar

Að auki voru ráðnir verktakar í önnur verkefni, sem getið er um í öðrum köflum.

Aðstandendur og framkvæmdastjórn

Starfsfólk og sjálfboðaliðar úr félögum aðstandenda og framkvæmdastjórn tóku að sér ýmis mikilvæg verkefni, svo sem textaskrif, þýðingar, viðtöl í fjölmiðlum, samskipti við landsbyggð, samfélagsmiðlastjórnun, dreifingu kynningarefnis, skipulagningu smærri dagskrárliða og mótun verkefnisins. Án þessa framlags aðstandenda hefði verkefnið ekki gengið upp.

Vitundarvakning meðal fólks af erlendum uppruna

Í sérstöku teymi með það markmið að ná til kvenna af erlendum uppruna voru Aleksandra Leonardsdóttir, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, Jasmina Vajzović Crnac, Mirabela Blaga, Saga Kjartansdóttir og Tatjana Latinović. Teymið sá um allar helstu þýðingar og fór í sértæka kynningarherferð í samfélagsmiðlahópum fólks af erlendum uppruna á Íslandi. Þá var allt helsta samfélagsmiðlaefni þýtt yfir á ensku og að hluta til á pólsku og auglýsingar kostaðar sérstaklega til að ná betur til kvenna og kvára af erlendum uppruna. Einblöðungum og plakötum var einnig dreift á ensku.

Umhugsunarefni:

- ▶ Það ætti að vera forgangsatriði að þýða og aðlaga upplýsingar jafnóðum og gera það fyrr en gert var, með skipulagðari hætti.
- ▶ Íslenskir textar þurfa að vera tilbúnir með meiri fyrirvara svo unnt sé að þýða.
- ▶ Það er ekki nóg að þýða textana, heldur þarf að aðlaga þá þannig að þeir séu aðlagaðir sérstaklega að þessum samfélagshópi, með sértækum upplýsingum og samhengi.
- ▶ Þetta gæti verið liður sem gera þarf ráð fyrir í fjárhagsáætlun.



GRASRÓTARSTARF

Inngilding og fjölbreytni

Talsverð áhersla var lögð á að verkefnið væri inngildandi og endurspeglaði fjölbreytt samfélag á Íslandi. Áhersla var lögð á að ná til fólks af erlendum uppruna, að viðburðir væru aðgengilegir og að dagskráin væri skipuð fjölbreyttum einstaklingum m.t.t. uppruna, bakgrunns, kyns- og kyntjáningar, kynhneigðar, húðlitar, stöðu og annarra þátta. Þá var tekin ákvörðun snemma um að stækka markhópinn þannig að hann innihéldi einnig kynsegin fólk.

Það er staðreynd að forréttindafólk á auðveldara um vik við að taka þátt í skipulagningu svona verkefnis; hefur til dæmis oftær tækifæri til að gera það sem hluta af starfsskyldum sínum, frekar en að vinna verkefnið í sjálfbóðaliðavinnu. Samsetning framkvæmdastjórnar var því fremur einsleit, þrátt fyrir að fjölmargt hafi verið gert til að til að efla fjölbreytileikann innan hennar og stuðla að þátttöku fleiri í undirbúningi. Mögulega mætti skapa innviði sem auðvelda inngildingu jaðarsettari hópa, til dæmis með því að taka upp greiðslur fyrir fundarsetu hjá þeim fulltrúum aðstandenda sem ekki geta setið fundina sem hluta af launaðri vinnu.

Eitthvað var um ábendingar þess efnis að fulltrúa ákveðinna hópa hefði vantað í dagskrá, hvort heldur sem er að skort hafi á fjölbreytileika eða að konur af íslenskum uppruna hafi verið of fáar. Skipuleggjendur gerðu sitt besta til að tryggja fjölbreytni. Hafa verður í huga að það eru ekki öll sem þekkjast boði um að koma fram á svo stóru sviði og í því ljósi eru skipuleggjendur ánægð með hvernig til tókst.



Facebook-hópur

Til að auka grasrótarpátttöku og fjölbreytileika í hópi þeirra sem koma að undirbúningi var skapaður Facebook-hópur fyrir áhugasöm um skipulagningu viðburðarins. Ætlunin var að ná fram fjölbreyttari sjónarmiðum. Hópurinn stækkaði þó mjög ört, sér í lagi eftir að viðburðurinn var tilkynntur og eðli hans breyttist frá því að vera skipulagsteymi, í það að verða almenn upplýsinga- og umræðugátt. Sú umbreyting jók talsvert á álag stjórnendur hópsins, en að sama skapi söfnuðust þar alls kyns upplýsingar, hugmyndir og skoðanaskipti sem styrkti undirbúninginn en eitt af markmiðum Kvennaverkfalls, að setja umræðu um jafnréttismál á dagskrá og skiptast á skoðunum og var því um dýrmætan sjálfsprottinn vettvang að ræða sem aftur endurspeglaði að tilefni var til að boða til aðgerða á borð við Kvennaverkfall í þeim tilgangi að afhjúpa og tala um birtingarmyndir kynjamisréttis og leiðir til að útrýma því.

Vinnusmiðja

Í upphafi verkefnisins var opin vinnusmiðja þar sem hugmyndin var að stilla saman áhugasöm og safna hugmyndum. Markmið smiðjunnar voru að fanga fjölbreytt sjónarmið, efla eignarhald grasrótarinnar á mótun verkefnisins og finna nýstárlegar leiðir til að ná markmiðum verkefnisins. Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir fóru yfir sögu og aðdraganda verkefnisins, og Inga Auðbjörg K. Straumland stjórnaði femínísku fiskabúri, þar sem konur og kvár gátu tjáð sig um það sem brann á þeim, og þá var þankahríð um dagskrár og kynningarstarf.

KYNNINGARMÁL



21% KYNBUNDINN
LAUNAMISMUNUR



FNLAUNAVÖZUN


KYNNINGARMÁL

Við þá ákvörðun að hafa Kvennaverksfallið heilan dag en ekki hluta úr degi, og með breytingu á nafni úr Kvænnafrí í Kvennaverksfall, varð skipuleggjendum ljóst að ráðast yrði í talsvert meiri vitundarvakningu en áður hafði verið gert til að tryggja þátttöku sem flestra og fjölbreyttastra kvenna og kvára um allt land í verkfallinu sjálfu og mætingu á baráttufundi. Þá þurfti einnig að huga að flóknari upplýsingagjöf og þrýstingi á atvinnurekendur.

Því var gert ráð fyrir framleiðslu myndbanda, hönnun og ráðgjöf auglýsingastofu og birtingum í útvarpi, auglýsingaskiltum, vefmiðlum og samfélagsmiðlum svo eitthvað sé nefnt í kostnaðaráætlun, ásamt bréfum þar sem atvinnurekendur voru hvattir til að styðja við konur og kvár á sínum vinnustað til þátttöku og almennt hvatningarbréf til kvenna og kvára til þátttöku. Þá var einnig lagt mikið upp úr þýðingum og stafrænu efni fyrir mismunandi hópa svo sem konur af erlendum uppruna, fatlaðar konur, trans konur og kvár.

YFIRSKRIFT

Síðustu ár hafa skipuleggjendur Kvænnafrís/Kvennaverksfalla valið sérstakar yfirskriftir fyrir baráttu ársins. Yfirskriftin hefur þann tilgang að ydda skilaboðin og áherslur sem lagðar eru til grundvallar Kvennaverksfallsins í hvert skipti og afmarka viðfangsefnin til að halda fókusnum betur á því sem sett er á oddinn, sem endurspeglast í texta, útliti og dagskrárgerð. Þá markar yfirskriftin sérstöðu viðburðarins í sögulegu samhengi og dregur fram það sem efst er á baugi hverju sinni. Við val á yfirskrift fyrir árið 2023 var nokkur hugur í framkvæmdastjórn um eftirfarandi atriði:



- ▶ Að forðast mjög kynjað orðalag, annað en það augljósa sem endurspeglast í heiti viðburðarins, til að kvárum fyndust þau velkomin með í baráttuna.
- ▶ Að forðast vísun í karla, feðraveldi eða annað sem skautar umræðuna um of eða flytur fókusinn af þolendum téðs feðraveldis.
- ▶ Að vera nægilega sértæk til að vera einkennandi fyrir femíníska baráttu en nógu víðtæk til að geta höfðað til margra.

Ferli og val

Framkvæmdastjórn safnaði hugmyndum á milli funda og fór yfir þær í sameiningu. Helstu þemur sem upp komu voru hversu brýnt málefnið er (e. urgency) og samstaða. Þá lá til grundvallar að meginkröfur og áherslur þessa árs höfðu verið valin og voru vanmat á vinnuframlagi kvenna og kynbundið ofbeldi valin sem þemu. Starfsfólk vann tillögur áfram með aðstoð auglýsingastofunnar Hér & nú og niðurstaða þeirrar vinnu var yfirskriftin: **Kallarðu þetta jafnrétti?**

Notkun yfirskriftarinnar

Yfirskriftin var notuð í allt hönnunarefni. Þá var gert efni til deilingar þar sem varpað var upp ýmsum staðreyndum og spurt Kallarðu þetta jafnrétti? í kjölfarið. Upp kom sú hugmynd að láta hóp fólks lesa upp þessar staðreyndir á blaðamannafundinum þremur vikum fyrir viðburð, sem tókst svo vel til að ákveðið var að vinna hugmyndina áfram og nýta hana í dagskrá á útifundi, en þá með persónulegra innihaldi (sjá nánar í umfjöllun um Hópatriði - Jafnréttisparadísin). Þá voru gerðar útlags, vef og samfélagsmiðlaauglýsingar með svipuðu sniði.

Yfirskriftin hafði þann kost að vera opin og sveigjanleg, en þó með ákveðnu þjósti, og nýttist þannig jafnt í prentað efni og upplesnu. Hún var einnig tilvísun í þá umræðu að Ísland væri jafnréttisparadís og þau skilaboð til kvenna og kvára að þau ættu ekki að krefjast of róttækra aðgerða því þau hefðu það gott miðað við aðra. Þá var auðvelt að þýða hana á önnur tungumál og auðveldaði skipuleggjendum að höfða til mismunandi hópa í vitundarvakningunni í aðdragandanum. Hún hafði þó þann ókost að hún stóð illa ein og sér, til dæmis á almennu prentefni.

AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Hönnuður

Aðalhönnuður verkefnisins var Elín Edda Þorsteinsdóttir, sem er sjálfstætt starfandi.

Auglýsingastofa

Auglýsingastofan Hér & nú sá um birtingar, aðra hönnun

og vinnslu hvatningarmyndbands sem sýnt var á ýmsum miðlum í aðdraganda viðburðarins. Lögð var áhersla á að verkefnastjórar, hugmyndasmiðir og framleiðendur sem kæmu að verkefninu væru konur og var orðið við því.

Ljósmyndarar

Ljósmyndari verkefnis var Heiðrún Fivelstad, en auk hennar tók Sam Monsen drónamyndir og -myndbönd.

Framleiðendur


Magga Vala var fengin til að framleiða hvatningarmyndband sem átti að hvetja til þátttöku í samráði við Hér & nú. Allt tókuliðið hennar var kvenkyns. Mamba framleiðsla sá um tukur að hluta og framleiðslu á myndbandi frá deginum sem var birt á samfélagsmiðlum í kjölfar Kvennaverkfallsins.

Tónlist

Tökum af stað eftir Reykjavíkurdætur hljómaði í hvatningarmyndbandi og söngur Unu Torfa var notaður í myndbandið af deginum sjálfum. Tónlistarkonur fengu greitt fyrir þá notkun. Auk þess voru STEF gjöld greidd fyrir tónlistarflutning á Arnarhóli.

MERKI OG ÚTLIT

Hönnuður verkefnisins hannaði nýtt merki Kvennaverkfallsins, hnefa í bleikum, rauðum og fjólubláum lit, sem og hönnunarstaðal, sem hverfðist mest um þessa litapallettu og svo letrið Arizona Sans (fyrirsagnir) og Arizona Flare (meginmál).



Merki Kvennaverkfallsins 2023 var steyttur hnefi í þremur litum.



VEFUR

Kvennaverkfallið á vefinn kvennafri.is sem settur var upp í aðdraganda fyrri verkfalla. Vefurinn var uppfærður talsvert fyrir verkfallið árið 2023 og léninu kvennaverkfall.is beint inn á hann.

Uppfærsla

Viðburðarstýra verkefnisins uppfærði vefinn með aðstoð Sindra Snæs Einarssonar, sem gaf Kvennaverkfallinu vinnu sína. Nýtt þema, Envato, var sett upp innan Wordpresskerfisins sem var fyrir og fyrri vefur afritaður, svo gögn myndu ekki glatast. Mest af gömlu efni var fjarlægt úr valmynd, en er enn aðgengilegt í leitarvélum.


Helstu breytingar:

- ▶ Ný forsíða með niðurteljara og grafísku efni
- ▶ Ný landingarsíða um verkefnið með tímalínu og grunnupplýsingum.
- ▶ Aðstandendasíða uppfærð með nýrri hönnun.
- ▶ Undirviðburðir settir inn sem portfolio með samstilltu sniði og þeir látnir birtast á nýrri yfirlitssíðu viðburða.
- ▶ Algengar spurningar teknar saman og birtar.
- ▶ Vefur þýddur á ensku og pólsku, með áherslu á algengar spurningar og grunnupplýsingar.
- ▶ Vefur uppfærður eftir viðburð og efni sett inn til heimildar.

Vefumferð

Aðgangur að Google Analytics var ekki settur upp fyrr en 23. október svo ekki eru til tölur yfir umferð um vefinn í aðdraganda dagsins. Hins vegar hefur traffíkin verið talsverð þann 23. október fyrst að álagið olli tæknilegum vandamálum. Um 16 þúsund notendur heimsóttu vefinn 24. október, langflest frá Íslandi, en þó var talsverð umferð frá öðrum löndum.

Iceland	16K
United States	881
United Kingdom	287
Netherlands	270
Sweden	261
Norway	240
Poland	239



Hýsing

Vefurinn er hýstur á hýsingarsvæði Kvenréttindafélagsins hjá 1984. Vefur Kvenréttindafélagsins var hakkaður vikuna fyrir verkfallið og það átti mögulega þátt í því að vefurinn datt niður á viðkvæmum tímamarki, kvöldið fyrir Kvennaverksfallið. Þá olli misskilningur á milli hýsingaraðilans, Kvenréttindafélagsins og Kvennaverksfallsins talsverðu tjóni á versta tíma og hefðu samskipti þar þurft að vera skýrari. Fyrir næsta viðburð þyrfti að uppfæra hýsinguna og mögulega skipta um hýsingaraðila.

PRENTEFNI

VEGGSPJÖLD

Fjórar gerðir veggspjalda voru prentaðar í A3; upplýsingar um útifund í Reykjavík á íslensku og ensku, og sniðmát fyrir landsbyggðina sem hægt var að fylla inn í, á ensku og íslensku. Því miður heppnaðist dreifing ekki fullkomlega m.a. þar sem stormur kom í veg fyrir flugsamgöngur helgina fyrir verkfallið. Meiri fyrirvari hefði því verið betri. Einhver prentuðu í heimabyggð.

Upplag:

Reykjavík - íslenska - 300 stk

Reykjavík - enska - 150 stk

Landsbyggð - íslenska 150 stk

Landsbyggð - enska 150 stk

Eitthvað er eftir af flestum gerðum, en upplagið var þó nokkuð nærri lagi, sér í lagi ef tekist hefði að senda meira efni út á landsbyggðina.

EINBLÖÐUNGUR

Einblöðungur var prentaður í stærðinni 200 x 80 mm, með íslenskum skilaboðum öðru megin og ensku hinu megin. Upplagið var 3000 og lítið varð eftir. Einblöðungurinn var nú líkt og áður nýttur til að taka með sér og ræða við fólk á förnum vegi eða í þjónustustörfum á borð við verslun og veitingahúsum. Það hefur reynst vel sem liður í kynningu á deginum þar sem það gefur tækifæri til umræðna.

VARNINGUR

Í aðdraganda Kvennaverksfalls óskuðu margir eftir að ýmis konar varningur yrði framleiddur líkt og gert er í sambandi við Druslugönguna eða FO herferð UN Women á Íslandi. Of lítil fyrirvari til að panta erlendis frá, umhverfissjónarmið og of fáar hendur til að selja varning gerðu það að verkum að ekki var orðið við þeim óskum nema að litlu leyti. Einnota húðflúr var þó pantað frá Temporary Tattoos með hnefanum í lit. Upplagið var 3000 stk og framleiðslutími með sendingu var um 20 dagar. Þetta mæltist vel fyrir og var mjög vinsælt.



MYNDBAND

Hér og nú tók að sér að framleiða hvatningamyndband í samstarfi við starfsfólk verkefnisins. Framleiðandinn Magga Vala var fengin í verkefnið og kappkostað við að hafa konur í sem flestum hlutverkum við verkið. Mikil áhersla var lögð á fjölbreytileika þeirra sem sáust í myndbandinu. Undir því var spilað lagið Tökum af stað með Reykjavíkurdætrum sem seldu Kvennaverksfallinu réttindin til notkunar þess í myndbandinu.


Google ads (Youtube)


Af þeim 384.000 sem myndbandið birtist horfðu um 60.000 á það í gegn. Ekki eru til upplýsingar um kyn eða aldursdreifingu notenda en miðað var á konur á öllum aldri.

Myndbandið var spilað um 80.000 sinnum á Facebook, Instagram og Youtube og var auk þess sýnt í Sjónvarpi Símans og á RÚV í 3 daga á undan verkfallinu.

Erfitt er að meta árangur slíks hvatningarmyndbands. Ljóst er að það fór víða og var mikilvægur hluti af því að koma þeim skilaboðum á framfæri að um heils dags verkfall væri að ræða sem fæli í sér að konur og kvár leggðu niður störf til að mótmæla ójafnrétti. Þó skal tekið fram að framleiðsla myndbanda er afar kostnaðarsöm, sem og kaup á birtingum og tónlist, svo það er vert að skoða hvort peningunum sé betur varið í einfaldara efni svo hægt sé að spara kostnað við framleiðslu.

Dæmi um efni sem hannað var fyrir samfélagsmiðla:





STAFRÆN MIÐLUN

Mest áhersla var lögð á að ná til mismunandi markhópa með stafrænum miðlum, bæði á vef og samfélagsmiðlum. Auglýst var á Facebook og Instagram, Google ads (Youtube), Vísi.is og Mbl.is. Birtingar margfölduðust eftir því sem 24. október nálgaðist og náðu hámarki daginn áður á öllum miðlum.


SAMFÉLAGSMIÐLUN

Facebook og Instagram:

Myndbandið gekk vel á Facebook og Instagram og flestir smellir voru á það. Við náðum til um 244.000 notenda, langmest kvenna enda var auglýsingum beint til þeirra. Um helmingur notenda sem sá og smellti á auglýsingar Kvinnaverkfallsins voru milli 25 - 44 ára. Hópurinn 18-24 ára var minnstur allra sem bendir til þess að yngsta kynslóðin noti þessa miðla lítið miðað við eldri. Næst þarf að huga að öðrum samfélagsmiðlum í aðdragandanum ef það á að takast að ná til þessa hóps. Eitthvað þó um lífræna dreifingu á myndbandinu og öðru efni frá Kvinnaverkfallinu á Tik Tok. Þá tóku nokkur ungmenni sig til og bjuggu til instagramreikninginn @ungmennikvinnaverkfallsins sem náði til yngri aldurshópsins.

Hæfileikaríkur teiknari tók upp á því að teikna GIF fyrir Instagram stories sem var kærkomið.

@helga_valdis hannaði flott GIF með hressilegum feminískum áróðri.



visir

Auglýsing

KVENNAVERK FALL

24. OKTÓBER 2023

KALLARÐU ÞEYTA JAFNRETTI?

BEIN ÚTSENDING

Svipta hulunni af nýjum fjármálaráðherra

Vefborðar birtust á helstu fréttamiðlum

KVENNAVERK FALL

24. 10. 2023

SKOÐUN

Kvinnaverkfall gegn kynbundnu misrétti

Colborg Pálsdóttir skrifar · 22. október 2023 07:00

Þriðjudaginn 24. október munu við konur og kynsegin fólk á Íslandi leggja niður stírf. Við munum ekki mæta til vinnu og við erum heildur ekki að fara að sinna eiláunum vinnunni heima fyrir. Þess í stað munum við fjólmenna á Arnarhól og útfundi um allt land til að sýna skýtt lívessa mikilvægt okkar vinnuframlag er.

Þrátt fyrir áratugaslanga baráttu er vinnuframlag okkar ennþá minna metið en karla. Aftur á

Mest lesið

- Olíaflokkurinn - Hin íslenska Meðri Teyma Nóbússins
- Kvinnaverkfall gegn kynbundnu misrétti
- Grættir Ráðgjafar

Skerða þjónustu heilsugæslunnar vegna kvinnaverkfalls

Ánni Seberg skrifar · 18. október 2023 10:51

Sigríður Dóra Magnúsdóttir er forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

REKNA MÁ MEÐ AÐ STARFSEMI HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS VERÐI VERULEGA SKERT ÞRIÐJUDAGINN 24. OKTÓBER NÆSTKOMANDI VEGNA BOAÐS KVENNAVERK FALLS.

Mest lesið

- Þúsundir mótmæltu árásum í sjúkrahúsi í nótt
- Loftslagsbreytingar byrjaðar að hafa umtalsverð áhrif á...
- Ísraelsmenn segja sam-tökin Íslamsákt. Jihad ábyrg

VEFBORÐAR

Vefborðar eru mikilvægir til vitundarvakningar en nokkuð yfirborðskenndir þar sem fáir smella á auglýsingarnar. Vefborðar Kvinnaverkfallsins voru mjög áberandi hvort sem fólk fór inn á forsiðu, las fréttir eða skoðanapistla.



UMHVERFISHÖNNUN

AUGLÝSINGAR

Billboard - strætóskýli

Umhverfisauglýsingar eru mjög áhrifarík leið til að auka áhuga á og sýnileika vörumerkis eða málefnis. Þótt fólk geti ekki smeltt á auglýsingaskilti eða leitað sér frekari upplýsinga birtast umhverfisskilti ótrúlegum fjölda og þú kemst ekki hjá því að sjá þau t.d. með adblocker eins og á vefmiðlum. Auglýst var á skiltum og strætóskýlum á öllu höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og á Akureyri en lítið er um stafræn auglýsingaskilti á öðrum svæðum. Eins og með aðrar auglýsingar fóru birtingar á umhverfisauglýsingum stigvaxandi og náðu hámarki 23. október. Þar að auki buðu Billboard.is og Heimkaup Kvinnaverkfallinu ókeypis "take-over" í miðbæ Reykjavíkur á undan og á meðan baráttufundinum stóð sem setti mark sitt á daginn.

SVIÐ

Segldúkur með hnefanum var prentaður hjá Merkingu í 5m x 5m sem bakgrunnur á sviði. Þetta kom vel út og leysti af hólmi skjá, sem hefði verið dýrari kostur. Ákveðið var að sleppa öllum skilaboðum í textaformi, svo myndir kæmu vel út óháð því hvernig þær væru rammaðar. Verði hnefinn notaður áfram er hægt að endurnýta segldúkinn.

Umhugsunarefni:

- ▶ Mögulega hefði hnefinn sjálfur geta verið örlítið minni á bakgrunninum.
- ▶ Hvetja má fólk sem kemur fram til að vera ekki í dökkum fötum svo það falli ekki inn í bakgrunn (ef bakgrunnurinn er dökkur).

STUTTAR STAÐREYNDIR

Skrifaður var knappur listi af meitluðum staðreyndum sem vörpuðu ljósi á ýmis konar misrétti sem viðgengst enn í íslensku samfélagi til notkunar í ýmis konar efni og auglýsingar Kvennaverkfallsins. Staðreyndir eins og “Atvinnutekjur kvenna eru enn um 21% lægri en karla” og “Allavega 40% kvenna verða fyrir kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi á lífsleiðinni” voru mikið notaðar ekki bara af skipuleggjendum verkfallsins, heldur stuðningsfólki, fréttamönnum og ýmsum öðrum áhrifavöldum. Fólk notaði staðreyndirnar í greinum, fréttum, samfélagsmiðlapóstum, auglýsingum fyrirtækja, skrifaði þær á skilti og notaði í samtölum við atvinnurekendur, vinnufélaga og vini svo eitthvað sé nefnt. **Þetta skipti lykilmáli við að undirbyggja þáttöku og ákall um aðgerðir í aðdraganda Kvennaverkfallsins.**

Staðreyndirnar sem notast var við má finna hér að neðan. Þær byggja að sjálfsögðu á gögnum og rannsóknum t.a.m. frá Hagstofu Íslands og Áfallasögu Kvenna - Vísindarannsókn HÍ. Örfáir reyndu að véfengja staðreyndir en ákveðið var að eyða ekki orku í að svara þeim einstaklingum.

- ▶ Allavega 40% kvenna verða fyrir kynbundnu og **kynferðislegu ofbeldi** á lífsleiðinni. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Atvinnutekjur kvenna eru enn um **21% lægri en karla**. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Fatlaðar konur verða fyrir **meira ofbeldi** en aðrar konur, eiga oft erfiðara með að segja frá og sækja sér nauðsynlega aðstoð. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Vinnudagar kvenna af erlendum uppruna eru lengri og óreglulegri en gengur og gerist meðal kvenna á Íslandi og **laun þeirra eru lægri**. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Sjöttu hverri stúlku í tíunda bekk grunnskóla hefur verið **nauðgað af jafnaldra**. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Kvár upplifa sig ekki örugg á vinnumarkaði og treysta sér ekki til að vera þau sjálf í vinnunni af **ótta við útskúfun**. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Konur þurfa oftast að minnka við sig launaða vinnu til að sinna **ólaunaðri vinnu innan veggja heimilisins**. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Lág laun gera konum erfitt fyrir eða jafnvel ómögulegt að slíta ofbeldissambandi, því þær eru ekki **fjárhagslega sjálfstæðar**. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Konur sem starfa við ræstingar, umönnun barna, sjúkra, fatlaðs og aldraðs fólks eru á einna **lægstu launum** í íslensku samfélagi. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Sjö af hverjum tíu **einstæðum mæðrum** geta ekki mætt óvæntum 80.000 króna útgjöldum. Kallarðu þetta jafnrétti?
- ▶ Skortur á leikskólaplássum bitnar frekar tekjum og tækifærum á kvenna en karla. **Kallarðu þetta jafnrétti?**



Á blaðamannafundinum var heilsdagsfyrirkomulagið kynnt og yfirskriftin afhjúpuð.

FJÖLMIÐLA- UMFJÖLLUN BLAÐAMANNAFUNDUR

Verkefnið var formlega afhjúpað á blaðamannafundi í Höfuðstöðinni þann 3. október, þremur vikum fyrir Kvennaverkfall. Hópur kvenna, meðal annars úr framkvæmdastjórn, las upp tölulegar staðreyndir um stöðu jafnréttismála á Íslandi, og Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, og Tatjana Latinović, formaður Kvenréttindafélags Íslands, fluttu kynningu á verkefninu. Elísabet Gunnarsdóttir rauðsokka og ein af forsprökkum Kvennaverkfallsins árið 1975 og Eliza Reid, rithöfundur, tóku m.a. þátt á fundinum.

Fréttastofur RÚV og Stöðvar 2 mættu á blaðamannafundinn auk ljósmyndara Morgunblaðsins. Fréttamaður Stöðvar 2 tók þá ákvörðun á staðnum að streyma fundinum beint á Vísi.is. Blaðamannafundurinn var sterkt upphaf á verkefninu og gott að geta vísað í það að tilkynnt hefði verið um verkfallið með þriggja vikna fyrirvara þegar atvinnurekendur kvörtuðu yfir skömmum fyrirvara.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir segir fjölmiðlum frá fyrirætlunum skipuleggjenda

GREINAR

Framkvæmdastjórn sendi frá sér þrjár greinar í aðdraganda verkfallsins. Sú fyrsta fjallaði almennt um Kvennaverkfallið, önnur um fjárhagslega þáttinn í kynbundnu ofbeldi og sú þriðja um þriðju vaktina. Þá skrifuðu meðlimir framkvæmdastjórnar, eða aðrir fulltrúar aðstandenda, fjölmargar greinar í aðdraganda og kjölfar viðburðarins.

INNLEND UMFJÖLLUN

Innland umfjöllun varð mjög mikil og góð en fór frekar hægt af stað þrátt fyrir blaðamannafund. Allir helstu miðlar fjölluðu um blaðamannafundinn og heils dags kvennaverkfall 24. október á vef, í sjónvarpi, útvarpi og í prenti en fréttáflutningur tengdur verkfallinu fór stigvaxandi þegar nær dró rétt eins og auglýsingaefni okkar og samfélagsumræðan öll.


Á annað hundrað fréttu birtust á íslenskum vefmiðlum, í útvarpi, dagblöðum og í sjónvarpi í aðdraganda verkfallsins og um hundrað á deginum sjálfum og dagana þar á eftir. Það má með sanni segja að Kvennaverkfallið hafi tekið yfir íslenskan fréttáflutning 23. - 25. október á hvaða miðil sem var leitað. Heimildin gerði Kvennaverkfallinu mjög góð skil, bæði fyrir og eftir viðburð. Vísir.is, MBL og RÚV voru öll með fréttavakt yfir daginn og birtu ýmsar myndir frá viðburðum og stemningu um land allt. Skipuleggjendur sendu þó nokkrar myndir á fréttamiðlana til að auka fjölbreytni efnisins og tók fréttafólk þeim fagnandi.

Fjölmargir samfélagsmiðlaáhrifavaldar fjölluðu einnig um Kvennaverkfallið að beiðni skipuleggjenda og hvöttu til þátttöku í því svo sem Ása Steinars, Ingileif Friðriksdóttir, Dóra Júlía, Sigríður Margrét, Fanney Dóra og Elín Gunnarsdóttir.

ERLEND UMFJÖLLUN

Fjallað var um verkfallið í The Guardian vikuna fyrir viðburðinn og í kjölfarið fór erlend umfjöllun á fullt og bætti mikið í þegar forsætisráðherra tilkynnti að hún hygðist leggja niður störf. Að minnsta kosti hundrað greinar frá á þriðja tug landa voru birtar í erlendum vefmiðlum um Kvennaverkfallið og það olli talsverðu álagi á fjölmiðlafulltrúa og meðlimi framkvæmdastjórnar að svara fyrirspurnum. Fjölmiðlafulltrúi hélt utan um flestar beiðnir sem bárust og skipulagði viðmælendur og svör við skriflegum spurningum fréttafólks um allan heim. Daginn fyrir verkfall og 24. október tók fjölmiðlafulltrúi ákvörðun um að svara einungis langstærstu erlendu miðlunum en hætta að svara smærri miðlum frá t.d. Spáni og Frakklandi því ekki var unnt að svara öllum vegna anna.

Fjallað var um verkfallið í öllum stærstu miðlum heims, ekki aðeins í Evrópu, heldur a.m.k. einnig í Asíu, Bandaríkjunum og Mið-Austurlöndum. The Guardian var með Live vakt yfir daginn





Baráttan þarf að halda áfram

Kraftur í kviðum kvennaverkfallsins er að vaxandi á „svokölluðum“ lövmenningum og leiðvæðingum, að karlar taki ábyrgð á öllum þeim þeimilisskiptum og að konur og kvár nái óryggi og frelsi frá ofbeldi og áreitni. Þetta er meðal þess sem var samþykkt á samfundinum í Arnarhöli. Áherslur konur í jafnréttisbaráttunni vegna mannaþingar að fylliga þessum kröfum eftir og þar skipi áherslur stjórnmála skipum.

Tetta mynduðu tveir af þeim stóru tilkærðum þingmönnum, aðallega konur, haldandi þing (Sjálfstjórnin) í Arnarhöli. Þetta er í fjórða sinn síðan 1970 sem konur og kvár hafa verið tvö til að leggja til þetta laga- og lövmenningu í þessum lövmenningum.

Þetta kviður vaxandi á frekri og kvið þessum lövmenningum og þessum lövmenningum. Þetta er í fjórða sinn síðan 1970 sem konur og kvár hafa verið tvö til að leggja til þetta laga- og lövmenningu í þessum lövmenningum.



„Ís þarf öflugna foyrsta af hálfu þeirra sem ræða í stjórnarráðinu,“ segir Mikla Róskun.



sem gaf viðburðinum heimssögulegt vægi auk þess sem BBC News fjölluðu um málið í sjónvarps- og útvarpsútsendingum sínum í rauntíma. Þá birtu stofnanir og fréttamiðlar með tuga milljóna fylgjenda einnig Reels með viðtölum og upptökum af deginum á Instagram reikningum sínum.

Umhugsunarefni:

- Mikið var fjallað um það í erlendum miðlum að forsætisráðherra hafi lagt niður störf. Það hafði ruðningsáhrif hérlendis og var mikilvæg hvatning fyrir m.a. fjölda stjórnenda á vinnumarkaði sem á þeim tímapunkti voru á báðum áttum með þátttöku vegna stjórnunarábyrgðar og sömuleiðis hvort það að vera í valdastöðu fæli í sér að jafnrétti væri náð í þeirra persónulega lífi eða starfsgrein. Það leiddi til mikilvægrar umræðu um að Kvennaverkfall snúist um samstöðu í baráttunni fyrir jafnrétti fyrir öll og breytingar á samfélaginu. Af þeim ástæðum höfðu skipuleggjendur hvatt allar konur og kvár til þátttöku, óháð stöðu þeirra og þar á meðal forsætisráðherra. En spurningar vöknudu að Kvennaverkfalli loknu hvort mikil áhersla á þátttöku forsætisráðherra sem var gjarnan meðal fyrsta fréttu af Kvennaverkfallinu í erlendra fjölmiðlaumfjöllun varpaði réttu ljósi á baráttuna. Aftur á móti fylgdu flestir fjölmiðlar slíkum fréttum eftir með nánari umfjöllun um kröfurnar og óskuðu margir skýringa á því hvers vegna væri verið að boða til Kvennaverkfalls í jafnréttisparadísinni Íslandi.



Baráttan er mikilvæg og fjölmiðlaumfjöllunin er mikilvæg. Þetta er í fjórða sinn síðan 1970 sem konur og kvár hafa verið tvö til að leggja til þetta laga- og lövmenningu í þessum lövmenningum.


Búist við miklum fjölda

● Kvennaverkfall er í dag og búist er við mikilli aðsókn á baráttufund á Arnarhöli ● Fyrirbær BSÍB segir að konur svari kalli ● Mikil röskun verður á þjónum

Baráttan er mikilvæg og fjölmiðlaumfjöllunin er mikilvæg. Þetta er í fjórða sinn síðan 1970 sem konur og kvár hafa verið tvö til að leggja til þetta laga- og lövmenningu í þessum lövmenningum.

Konur og kvár leggja niður störf

„Þegar kallið er til kvennaverkfalls er kallið svar“ ● Kviðherar og þingkonur taka þátt í verkfallinu ● 59 kviðherar taka þátt í Reykjavík ● Þjónumstir í þjónumstir í þjónumstir



Baráttan er mikilvæg og fjölmiðlaumfjöllunin er mikilvæg. Þetta er í fjórða sinn síðan 1970 sem konur og kvár hafa verið tvö til að leggja til þetta laga- og lövmenningu í þessum lövmenningum.

Blöð og fréttavefir gerðu Kvennaverkfallinu góð skil

SAMSTARF VIÐ RÍKISÚTVARPIÐ

Haft var samband við Heiðar Örn Sigurfinnsson fréttastjóra RÚV tveimur vikum fyrir verkfall og spurt hvort RÚV hygðist vera með sjónvarpsútsendingu frá Arnarhóli. Eftir að hafa skoðað málið innanhúss féllst hann á að RÚV sæi um beina útsendingu frá baráttufundinum og að skipuleggjendur gætu fengið hlekk á streymið lánaðan til að varpa upp á skjá fundarins. Þetta var hagkvæmt fyrir Kvennaverksfallið og gekk vel tæknilega.

Samstarfið við tækni- og upptökufólk RÚV á deginum sjálfum var til fyrirmyndar og urðu þau einnig við beiðni í kjölfarið um að senda upptökur til birtingar á samfélagsmiðlum og vef Kvennaverksfallsins.

Þá var einnig haft samband við dagskrárstjóra Rásar 1 og 2 fjórum vikum fyrir verkfall og þeir hvattir til að skipuleggja dagskrá á forsendum Kvennaverksfallsins. Vel var tekið í það og Rás 2 tileinkaði Kvennaverksfallinu allan daginn þar sem aðeins karlar stýrðu útvarpsþáttum sem fjölluðu allir um jafnréttismál með einum eða öðrum hætti og aðeins var spiluð tónlist eftir konur eða kynsegin fólk.

ALMENN UPPLÝSINGAGJÖF

Hvatningarbréf

Hvatningarbréf var sent, bæði á konur og kvár á Íslandi og svo á fyrirtæki og stofnanir. Bréfin voru þýdd á ensku, pólsku og rúmensku og gerð aðgengileg á vefnum. Hópur framkvæmdastjórnarmeðlima tók að sér að senda bréfin með tölvupósti sem víðast.

Aðstandendur

Heildarsamtök launafólks sem voru meðal aðstandenda nýttu sína innviði til að virkja félagsfólk aðildarféлага sinna og skipti það sköpum á landsbyggðinni. Skipulögð upplýsingargjöf innan stéttarfélaganna er mikilvæg og hefði jafnvel mátt vera meiri ef eitthvað er.

Aðstandendur voru upplýstir um ferlið, sér í lagi í upphafi. Mögulega hefði verið hægt að virkja aðstandendur betur í ýmis undirverkefni, svo sem myndbandagerð, og fá til dæmis framhaldsskóla til aukins samstarfs.

Spurt og svarað


Snemma komu upp ýmsar spurningar tengdar efni og skipulagi Kvennaverksfallsins, sérstaklega í gegnum Facebook-hóp verkfallsins. Ákveðið var að setja upp Spurt & svarað á heimasíðu Kvennaverksfallsins á íslensku, ensku og pólsku og nýttist það mjög vel af almenningi, stofnunum, fyrirtækjum og fréttafólki.



ÞÁTTTAKA ATVINNUREKENDA

Ríkið og Reykjavíkurborg tilkynntu um miðjan október að þau myndu ekki draga af launum kvenna og kvára vegna þátttöku í Kvennaverksfalli. Samband íslenskra sveitarfélaga sendi einnig hvatningu til sveitarfélaga um að koma til móts við starfsfólk á þessum degi og draga ekki af því laun. Nánast öll sveitarfélög tilkynntu í framhaldinu að þau styddu þátttöku kvenna og kvára er hjá þeim starfa. Í framhaldinu sendu stofnanir sveitarfélaga svo sem leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og sundlaugar frá sér tilkynningar um hvaða áhrif það myndi hafa á starfsemi, s.s. að henni yrði lokað eða um verulega skerðingu yrði að ræða. Sama átti við um t.d. heilbrigðisstofnanir, heilsugæslu og hjúkrunarheimili sem höfðu lágmarksmönnun og skipulögðu starfsemi með svipuðum hætti og ef um jóladag væri að ræða. Um svipað leyti tilkynntu stórfyrirtæki á borð við Samkaup að þau styddu þátttöku kvenna og kvára er starfa hjá þeim og að það myndi ekki hafa áhrif á laun þeirra. Í kjölfarið fylgdu svo mikill meirihluti fyrirtækja, samtaka og stofnana.

Samtök atvinnulífsins sögðu baráttuna mikilvæga í tilkynningu en töldu skipuleggjendur ekki gæta meðalhófs. Framkvæmdastjóri samtakanna lýsti því m.a. yfir að hún hygðist ekki taka þátt og voru þau skilaboð almennt send af þeirra hálfu til atvinnurekendur að þeir þyrftu ekki að skipuleggja sig með þeim hætti að starfsfólk gæti tekið þátt. Þegar upp var staðið var ljóst að mikill meirihluti atvinnurekenda studdi eindregið þátttöku kvenna og kvára sem störfuðu hjá þeim og sömuleiðis að karlar þyrftu að axla ábyrgð á annarri og þriðju vaktinni þennan dag vegna lokunar eða skertrar þjónustu í skólum.



Margar verslanir, bankar, líkamsræktarstöðvar, veitingastaðir, þjónustufyrirtæki o.s.frv. lokuðu og tilkynntu viðskiptavinum sínum á vefsvæðum og samfélagsmiðlum.

ÁBENDINGARGÁTT

Snemma fóru skipuleggjendum að berast ábendingar með ýmsum leiðum um fyrirtæki sem hömluðu þátttöku eða mættu starfsfólki með neikvæðu viðmóti sem vildi leggja niður störf. Sérstök ábendingargátt var sett á vef verkefnisins þar sem starfsfólki gafst kostur á að tilkynna um fyrirtæki sem með einhverjum hætti hindruðu starfsfólk sitt í að taka þátt í deginum, til dæmis með því að krefja þau til að mæta til vinnu, eða draga af launum þeirra ef þau leggjðu niður störf. Talsvert af ábendingum bárust, sem þó bentu oft á sömu vinnustaðina. Haft var samband við vinnustaði sem ábendingar bárust um snemma og þeir hvattir til að gera betur. Margir þeirra tóku við sér og breyttu afstöðu sinni og tilkynntu starfsfólki um það. Aðrir þurftu eingöngu að gefa skýrari skilaboð um afstöðu sína til starfsmannahópsins. Eftir að aðstandendur verkefnisins gáfu til kynna að listi yrði birtur yfir þau fyrirtæki sem ekki yrðu við hvatningu um að gera betur, fjölgaði ábendingum og eru þær nú rúmlega 400 en varða færri vinnustaði.

Umhugsunarefni:

- ▶ Það virkaði hvetjandi á fyrirtæki þegar það var tilkynnt að listinn yrði birtur, en skipuleggjendur gerðu sér ekki í hugarlund hvert umfangið yrði að ganga úr skugga um að upplýsingarnar væru réttar, einkum þar sem tilkynningar voru að berast áfram eftir 24. október. Það má því velta fyrir sér til framtíðar litið hvort nöfn vinnustaða verði birt um leið og tilkynning berst án þess að farið verði í þá vinnu að óska eftir svörum eða skýringum þeirra. Þá verði viðkomandi atvinnurekendur sjálfir að svara t.d. fyrirspurnum fjölmiðla hvað þeir hyggist gera.



VIÐBURÐIR

VIÐBURÐIR

Í síðustu skipti hefur aðallega verið um úti- og samstöðufundi að ræða. Þegar hins vegar var ákveðið fara í heils dags verkfall varð ljóst að dagskráin þyrfti að vera víðtækari, og voru þá félög aðstandenda hvött til að standa fyrir dagskrárliðum í sínu nafni. Það reyndist líka gott tól í umræðunni, en mörg fyrirtæki notuðu orðalag um að starfsfólk fengi launað frí á meðan skipulögð dagskrá stæði yfir.

REYKJAVÍK

Langstærsti barátturfundurinn var haldinn við Arnarhól í Reykjavík, og voru konur og kvár frá nærsveitafélögum og sveitarfélögum í minna en klukkutíma fjarlægð hvött til að mæta á hann frekar en að standa fyrir sínum eigin fundi. Ýmsir hópar og félög stóðu jafnvel fyrir rútuferðum til Reykjavíkur, svo félagsfólk gæti tekið þátt í dagskrá þar. Jafnframt fóru fram fjölbreyttir dagskrárliðir fyrir og eftir fundinn.

ÚTIFUNDUR

Dagskrá

Lagt var upp með að dagskráin endurspeglaði fjölbreytileika samfélagsins og höfðaði til breiðs hóps, væri hvöss og snörp.

Svona var dagskráin uppbyggð:

1. Kynning - #ómissandi
2. Tónlist: Sóðaskapur
3. Ræða: Urður Bartels
4. Ræða: Guðbjörg Pálsdóttir
5. Hópatriði - Jafnréttisparadísín
6. Áfram stelpur
7. Ræða: Alice Olivia Clarke
8. Yfirlýsing
9. Tónlist: Ragga Gísla


Kynnar

Kynnar voru Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Aldís Amah Hamilton. Þær voru beðnar um að tala bæði á íslensku og ensku og fengu svona nokkuð frjálssar hendur um það hvernig þær nálguðust verkefnið.





Urður Bartels, Guðbjörg Pálsdóttir og Alice Olivia Clarke fluttu ræður sem fönguðu kröfur fundarins.



Ræður

Þrjú héldu ræðu:

- ▶ **Urður Bartels**, ungt stálp úr Menntaskólanum við Hamrahlíð, fjallaði um kynbundið ofbeldi og stöðu kynsegin fólks.
- ▶ **Guðbjörg Pálsdóttir**, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga fjallaði um vanmat á virði vinnuframlags kvenna og kvára.
- ▶ **Alice Olivia Clarke**, hönnuður og frumkvöðull, fjallaði um samstöðuna og konur af erlendum uppruna.

Tónlist

Þrjú tónlistaratriði voru í dagskránni:

- ▶ **Sóðaskapur**, pönkhljómsveit skipuð ungum konum, flutti tvö lög; *Gellur borða pasta* og *Barbie Girl*.
- ▶ **Una Torfadóttir** flutti *Áfram stelpur*, ásamt gítarleikara og hópi kvenna og kvára úr hópatriði annars vegar og úr framkvæmdastjórn hins vegar.
- ▶ **Ragga Gísla** flutti *Ekkert mál* og *Sísí fríkar út* ásamt hjóðfæraleikurum og bakraddasöngkonum.



Hópatriði - Jafnréttisparadísin

Flutt var hópatriði, skipað 12 konum og kvárum, sem lásu upp staðreyndir, oft persónulegar, sem síðan var lokað með yfirskrift viðburðarins; Kallarðu þetta jafnrétti?

Eftirfarandi einstaklingar tóku þátt í hópatriðinu:

- ▶ **Kristín Ástgeirsdóttir** - femínisti
- ▶ **Sanna Magdalena Mörtudóttir** - borgarfulltrúi
- ▶ **Sunna Elvira Þorkelsdóttir** - lögfræðingur ÖBÍ réttindasamtaka
- ▶ **Blessing Nkiruka Chukwu** - starfskona á hjúkrunarheimili
- ▶ **Lilja María Hönnudóttir** - listakona
- ▶ **Jelena Bjeletic** - leikskólakennari og sjúkraliði
- ▶ **Veiga Grétarsdóttir Sulebust** - kona
- ▶ **Halldóra Þöll Þorsteins** - leikkona og femínisti
- ▶ **Birta Ósk Hönnu** - rannsakandi og transaktívisti
- ▶ **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** - fyrrverandi utanríkisráðherra
- ▶ **Agnieszka Sokolowska** - túlkur og þýðandi
- ▶ **Una Torfadóttir** - tónlistarkona

Listrænn stjórnandi atriðsins var Halldóra Þöll Þorsteinsdóttir. Íris Péturs, Freyja Steingrimsdóttir og Inga Auðbjörg K. Straumland tóku einnig þátt í mótun þess.



Til umhugsunar:

- ▶ Vel þótti takast til með að hafa fjölbreytt sjónarmið í dagskrá. Einhverjir hópar söknuðu þess að hafa ekki nægilega marga fulltrúa sína.
- ▶ Einhverjar umræður voru um kyn þeirra sem voru á sviði. Sumum fannst undarlegt að karlar sæjust á sviðinu á meðan öðrum fannst undarlegt að konur væru á sviði í launuðum hlutverkum þegar þær ættu að vera í verkfalli. Skipuleggjendur lögðu hins vegar áherslu á að hafa konur á sviðinu eins og hægt var en virti vilja tónlistarfólks til að velja sér samstarfsfólk enda skilningur á því að reynsla af því að spila saman getur haft mikla þýðingu.
- ▶ Það var mikill áhugi fyrir því að framkvæma einhvers konar gjörning, sem myndi virkja hópinn á Arnarhóli til þátttöku og vera eftirminnilegur. Það reyndist skipuleggjendum erfitt að finna leiðir til að þjálfa svo stóran hóp í aðdraganda Kvennaverkfallsins og jafnframt var haft samband við sviðslistahóp sem ekki gat tekið verkefnið að sér.

Sviðsstýri

Aðalsviðsstýri var Íris Péturs, en hán fékk Söru Líf Magnúsar með sér í sviðsstjórn á sjálfum deginum. Sviðsstýri sá um að innheimta tæknilegar upplýsingar frá tónlistarfólki, veita ráðgjöf við dagskrárgerð, skipuleggja og keyra hljóðprufu og sjá um sviðsstjórn á viðburðinum sjálfum.

Tæknimál

Tæknimál voru í höndum HljóðX, sem settu upp svið, hljóð- og ljósabúnað og skjái.

Svið

Sviðið var sett upp af HljóðX. Það var 9,8m á breidd, 7,32m á dýpt og 140 cm á hæð. Sviðið var búið prompter og á það var settur hjólastólarampur til norðurs.

Hljóðkerfi

Hljóðkerfið samanstóð af 16 stk. VTX 15" *line array* kerfi og 12 stk. 2X18" botnum. Þrátt fyrir að það hafi verið bætt þegar ljóst varð í hvað stefndi, dugði það ekki alveg fyrir þennan fólksfjölda.



Útlit og skjái

Ákveðið var að hafa tvo skjái; einn með nærmynd af dagskrá á sviði og annan með tákn máls- og enskutúlkun. Skjáirnir voru 5,5 m á breidd, 3,5 m á hæð og lyft upp í 6m hæð. Skjáirnir hefðu mátt vera talsvert stærri fyrir þennan fólksfjölda.

- ▶ **Skjár með nærmynd:** Efninu sem var varpað á skjáinn kom beint frá RÚV-streyminu, sem sparaði einhverjar fjárhæðir og kom vel út.
- ▶ **Skjár með túlkun:** Það gleymdist að gera ráð fyrir tákn málstúlkun við hönnun glæranna sem var varpað á skjáinn, svo myndaramminn fyrir túlkinn var allt of þröngur. Líklega þarf túlkurinn alveg 1:1 svæði, svo andlit og hendur sjáist alltaf. Þá þarf að huga að þessu þegar ákveðið er hvort upptaka sé samnýtt með RÚV.
- ▶ Glærurnar komu að öðru leyti vel út. Skjárinn var notaður til að sýna myndir af #ómissandi konum og kvárum, auk þess að hafa kynningarglæru fyrir framsögufólk og tónlistarfólk, þýðingar og hvíldarglæru inn á milli á meðan kynnar töluðu. Tæknivandamál komu upp skömmu fyrir fund sem ollu talsverðu stressi og þarf að huga að því fyrirfram af hvaða tölvu glærurnar eru keyrðar og hver stýrir þeim. Einnig hefði verið gott að lesa yfir glærurnar eftir að þær voru hannaðar, og hafa meira rými til að fara yfir þær með sviðsefni.

Aðgengi og öryggi

Lagt var upp með að gera viðburðinn sem allra aðgengileg-astan. Það tókst upp að einhverju leyti en öðru var ábótavant.



Teikningar af sviðinu sem leigt var af HljóðX



Skjái vörpuðu upp kvikmynduðu efni annars vegar og tákn máls- túlkun og þýðingum hins vegar.



Túlkarnir frá Hröðum höndum túlkuðu viðburðinn einstaklega vel

Táknmálstúlkun

Táknmálstúlkun var í höndum Hraðra handa. Túlkar voru Ástbjörg Rut Jónsdóttir og Guðrún Heiða Guðmundsdóttir, sem sérhæfa sig í sviðstúlkun. Táknmálstúlkuninni var varpað upp á annan skjáinn, við hliðina á glærunum. Athafnasvæði túlkanna reyndist allt of lítið og það þarf að hanna glæurnar með tilliti til þess. Þá var innfelld mynd af túlkum í streymi ekki nægileganægjanlega stór svo hún sæist almennilega, stundum vantaði höfuð túlks (sem er stór hluti af túlkuninni) og túlkunin var tekin út þegar tónlistaratriði voru. Þegar verið er að leysa tvær flugur í einu höggi (túlkun á útiskjám og túlkun á streymi) þarf að hugsa það vel út fyrirfram. Þá var biðsvæðið fyrir kynna og sviðsstýri beint fyrir aftan túlkinn, sem var truflandi. Þrátt fyrir þetta töldu mörg að þær Ástbjörg og Guðrún hefðu verið stjórnur dagsins og skipuleggjendur tóku á móti ógrynni af hrósi til þeirra.

Þýðingar

Ræður, hópatriði og yfirlýsing voru þýdd yfir á ensku (eða íslensku í þeim tilfellum sem talað var á ensku) og þýðingar birtar jafnóðum. Textar bárust seint, svo þýðingar og glærugerð töfðust úr hófi fram. Þetta tókst þó nokkuð vel. Það er ekki verra að hán sem keyri glærukynninguna kunni efnið vel.

Rampur á svið

Byggður var 10 m langur rampur upp á svið, með einum hvíldarpalli. Rampurinn stóð í norður. Rampurinn var nokkuð brattur og hjólastólanotandi þurfti að leita aðstoðar til að komast upp á svið.



Sóðaskapur söng meðal annars um gellur sem borða pasta.

Útsýnispallur fyrir hjólastólanotendur

Útsýnispallur fyrir hjólastólanotendur var stækkaður nokkuð frá fyrri árum. Rampurinn upp á hann reyndist allt of brattur og að margra mati hættulegur. Þá hefði kannski mátt merkja pallinn (t.d. á stutthlið þar sem merking skerðir ekki útsýni).

Bílastæði

Reykjavík lagði til bílastæði fyrir hreyfihamlaða með mannaðri lokun. Gott hefði verið að starfsfólk borgarinnar hefði verið með dreifirit sem sýndi staðsetningu útsýnispallsins.

Auðlesið mál

Upplýsingar um viðburðinn og verkefnið í heild sinni voru birtar á samfélagsmiðlum á auðlesnu máli. Þær hefði mátt birta fyrr og einnig hefði mátt setja textann á vef Kvennaverksfallsins fyrir viðburðinn, sem náðist ekki. Það var þó gert eftir á sem gæti nýst næstu verkföllum.

Öryggi

Fundað var með lögreglunni í aðdraganda viðburðarins, en þar var að mestu rætt um götulokanir. Öryggismál voru almennt í höndum lögreglu. Til greina kom að ráða öryggisverði sem yrði í kringum sviðið, en þegar til kom varð ekki úr því. Það hefði verið kostur. Eitt smáatvik kom upp við sviðið, og skarst lögregla í leikinn að beiðni skipuleggjenda. Athugið að ef slík gæsla á að virka, þyrftu þau sem eiga erindi baksviðs að vera merkt á einhvern máta.

Til umhugsunar:

- ▶ Mögulega þarf að gera ráð fyrir því að fólk geti sest, svo hægt sé að bæta möguleika aldraðs fólks eða annarra sem eiga erfitt með að standa lengi til þátttöku. Útfærsla á þessu gæti verið að hafa bekkir eða sæti á malbiki fremst við sviðið.
- ▶ Það væri gott að fá formlega aðgengisráðgjöf í aðdraganda útifundsins.

Streymi

RÚV sá um streymi og var mjög þægilegt í samstarfi. Streymt var beint upp á annan sviðsskjáinn. Þó bárust ábendingar um ófullnægjandi aðgengileika táknmálstúlkunar, eins og fram hefur komið. Það að RÚV taki að sér streymið þýðir náttúrlega líka að RÚV á efnið, og því er birting myndbanda úr dagskrá háð leyfi þeirra. Þau tóku þó vel í beiðnir þess efnis.

Leyfismál

Sótt var um afnotaleyfi af borgarlandi þann 2. október 2023. Ferlið var nokkuð óljóst og vegna misskilnings þokaði því lítið þar til fulltrúar borgarinnar boðuðu fund með aðstandendum Kvennaverkfallsins, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og forsvarsfólki strætó. Viðburðarstýra óskaði eftir því að tæknimenn HljóðX fengju einnig að sitja fundinn, enda varðaði fundurinn fyrst og fremst götulokanir. Leyfið fékkst svo 20. október 2023, og var númerað R 20230445.

Einnig var sótt um tækifærisleyfi frá Sýslumanninum á Höfuðborgarsvæðinu, þó ekki sé ljóst hvort þess hafi þurft. Það fékkst einnig 20. október 2023 að undangenginni umsögn frá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu. Leyfisnúmer: TAE-2023-054575.



Inga Auðbjörg K. Straumland og Freyja Steingrimsdóttir lasu upp yfirlýsingu fundarins.



AÐRIR VIÐBURÐIR

Skiltagerð

Skipuleggjendur verkefnisins stóðu fyrir skiltagerð kvöldið fyrir verkfallið. Fjöldi fólks mætti og málaði spjöld með ýmsum slagorðum. Vikuna áður hafði Kvennasögusafnið staðið fyrir hugarflugsviðburði í samstarfi við Teiknisetrið, þar sem farið var yfir sögu kröfuspjalda og þátttakendur studdir í að finna sniðug slagorð. Það tryggði talsverðan banka af sniðugum skilaboðum sem skiltaframleiðendur gátu leitað í, sem leiddi af sér meiri kraft í sjálfri framleiðslunni. Þá var viðburðurinn gott myndefni fyrir fjölmiðla, sem sýndu talsverðan áhuga á starfseminni.

Til minnis:

- ▶ Keypt voru 200 pappaspjöld, sem rétt dugðu, en hefðu mátt vera fleiri.
- ▶ Málning ætti helst að vera í litlum brúsum, svo hún nýtist sem best.
- ▶ Það þarf sterkar heftibyssur eða naglabyssu.
- ▶ Mögulega mætti dreifa álaginu með tveimur skiltamálunarviðburðum.



Viðburðir aðstandenda

Félög aðstandenda voru hvött til að skipuleggja eigin dagskrárliði þann 24. október. Átta slíkir viðburðir voru skipulagðir:

- ▶ Morgunhressingarverkfallsganga í kringum Tjörnina - Kvenréttindafélagið
- ▶ Samstöðukaffi Kvenna í orkumálum
- ▶ Fræðslufundur um Ólafíu Jóhannsdóttur - Félagráðgjafafélag Íslands og Hvítabandið
- ▶ Ertu ekki ánægð kerling? - IceFemIn
- ▶ Samstöðurhistingur í Bíó Paradís - BHM
- ▶ „Open Mic“ og kvennaverkskaffi - ÖBÍ og UN Women á Íslandi
- ▶ Upphitun á Hallveigarstöðum - Kvennaheimilið Hallveigarstaðir
- ▶ Baráttugleði á Loft Hostel - Femínísk fjármál

Þessir viðburðir lyftu dagskrá dagsins hærra og gáfu konum og kvárum tækifæri á að koma saman. Upplýsingar um dagskrá hefðu mátt vera aðgengilegar fyrr, svo fólk gæti skipulagt sig og til að minna á að dagskrá væri allan daginn.



Fjöldi kvára og kvenna tók þátt í viðburðum yfir daginn.

MYNDIR FRÁ VIÐBURÐUM








“
Myndmál
baráttuskilta er
sterkt og skýrt
— það skilst á
milli kynslóða

- Rakel Adolphsdóttir,
forstöðukona Kvennasögusafnsins





Viðburðir voru haldnir á 21 stað á landinu, auk Reykjavíkur.

LANDSBYGGÐIN

Viðburðir voru haldnir á að minnsta kosti 21 stað um allt land. Viðburðirnir voru ýmist baráttu- og samstöðufundir, kröfugöngur, skiltagerð eða kaffisamlæti. Á mörgum þeirra var boðið upp á ávörp og tónlist, og á sumum þeirra var streymt frá útifundi við Arnarhól. Fríða Rós Valdimarsdóttir sá um samskipti við skipuleggjendur á landsbyggðinni og voru haldnir nokkrir fjarfundir til undibúnings og endurmats. Óskað var eftir upplýsingum um viðburðina og þeir birtir á vef verkefnisins. Ekki tókst í öllum tilfellum að afla upplýsinga fyrir viðburðinn og ljóst að konur og kvár hafi komið saman á fleiri stöðum en skipuleggjendur höfðu vitneskju um. Samstarf BSRB, ASÍ, KÍ og Kvenfélagasambands Íslands var mikilvægt til að þess að ná til kvenna og kvára á sem flestum stöðum á landinu, bæði til að hvetja til samstöðufunda og ekki síður til að ná að halda utan um alla þá sjálfsprottnu viðburði sem skipulagðir voru á deginum.




Mikill fjöldi fólks safnaðist saman á ráðhústorginu á Akureyri



María Dýrfjörð

AKUREYRI

Tegund:
Útifundur
Áætlaður fjöldi:
1500

 Ráðhústorg
 24. október 2023
 11:00

Útifundur á Ráðhústorginu. Fram komu Ásta F. Flosadóttir, kvennapönkbandið Skandall, Drottningar og kvennakór. Boðið var upp á skiltagerð fyrir viðburð.

BLÖNDUÓS

Tegund:
Kröfuganga
Áætlaður fjöldi:
50

 Félagsheimilið
 24. október 2023
 12:00

Kröfuganga og útsending frá Arnarhóli.

BÚÐARDALUR




Tegund:
Útsending
Áætlaður fjöldi:
15

 Dalabúð
 24. október 2023
 14:00

Konur og kvár komu saman og horfðu á útsendingu frá Arnarhóli.

DALVÍK


Tegund:
Baráttu-
fundur
Áætlaður fjöldi:
60

 Berg
menningarhús
 24. október 2023
 11:30

Fram komu Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Myriam Dalstein, Björk Hólm Þorsteinsdóttir, Svanfríður Inga Jónasdóttir og Ingibjörg Hjartardóttir. Fjöldasöngur undir stjórn Kristjönu Arngrímsdóttur með undirleik Hlínar Torfadóttur. Útsending frá Arnarhóli.



Dalvíkingar skipulögðu metnaðarfulla dagskrá



Miklu fleiri
mættu á
baráttufund
á Egilsstöðum
en gert var
ráð fyrir.



Austurfrétt

DJÚPIVOGUR

Tegund:
Samstöðu-
viðburður
**Áætlaður
fjöldi:**
30

 Hótel Framtíð

 24. október 2023

 17:30

Kvöldverður og samstöðufundur.

DRANGSNES

Tegund:
Útsending
**Áætlaður
fjöldi:**
20

 Malarkaffi

 24. október 2023

 12:00

Pálínuboð og fylgst með útsendingu frá Arnarhóli.

EGILSSTAÐIR

Tegund:
Baráttu-
fundur
**Áætlaður
fjöldi:**
200

 Félagsheimilið

 24. október 2023

 13:00

Dagskrá í tilefni dagsins. Fram komu Jónína Brynjólfsdóttir, Iryna Boiko, Ragna S. Óskarsdóttir, Ra Tack og Margaret Johnson. Viðburðurinn var skipulagður af FKA Austurland.



Asgerður Kristín Gyfiadóttir

Á Höfn var boðið upp á skiltagerð fyrir viðburð.

HÖFN

Tegund:
Baráttu-
fundur
**Áætlaður
fjöldi:**
250

 Heppa

 24. október 2023

 11:30

Gengið frá Ráðhúsinu. Fram komu Kvennakór Hornafjarðar, Eyrún Fríða Árnadóttir, Soffía Auður Birgisdóttir, Dagmar Lilja Óskarsdóttir og Skössin! Útsending frá Arnarhóli.



Ósk Helgadóttir

HÚSAVÍK

Tegund:
Baráttu-
fundur
**Áætlaður
fjöldi:**
300

 Fundarsalur
stéttarfélaganna

 24. október 2023

 13:00

Dagskrá í tilefni dagsins. Fram komu Ósk Helgadóttir, Cristín Irma Schröder, Rannveig Benediktsdóttir, Hermína Hreiðarsdóttir og Guðný Grímsdóttir. Fjöldasöngur.



Ásrún Yr Gestsdóttir

HRÍSEY

Tegund:
Samstöðu-
ganga
**Áætlaður
fjöldi:**
30

 Um alla eyju

 24. október 2023

 11:00

Hópurinn gekk framhjá helstu kvennavinnustöðum eyjarinnar í gegnum tíðina, Gamla skóla, Hríseyjarskóla, íþróttamiðstöðinni, Pósthúsinu, Hríseyjarbúð, frystihúsum og þeim stað þar sem síldarplönin voru áður fyrir.



Ellen Mörk Björnsdóttir

HVAMMSTANGI

Tegund:
Samstöðu-
viðburður
**Áætlaður
fjöldi:**
-

 Félagsheimilið

 24. október 2023

 12:00

Konur og kvár komu saman við kaffispjall og fylgdust með útsendingu af Arnarhóli.

HVOLSVÖLLUR

Tegund:
Baráttu-
fundur
**Áætlaður
fjöldi:**
150

 Midgard Base
Camp

 24. október 2023

 13:30

Hist við styttuna *Afrekshugur* og gengið yfir á Midgard Base Camp. Ræðuhöld og útsending frá Arnarhóli.




Á Ísafirði fóru konur og kvár í kröfugöngu



Matthildur Helgadóttir Jónudóttir

ÍSAFJÖRÐUR

Tegund:
Baráttu-
fundur
**Áætlaður
fjöldi:**
500

 Edinborgarhúsið
 24. október 2023
 14:00

Gengið fylktu liði frá Silfurtorgi að Edinborgarhúsinu. Kvennakór Ísafjarðar leiddi söng, Finney Rakel Árnadóttir og Janina Magdalena Kryszewska fluttu ávörp og Agnieszka Tyka túlkaði. Bryndís Friðgeirsdóttir stýrði dagskrá.

NESKAUPSSTAÐUR

Tegund:
Baráttu-
fundur
**Áætlaður
fjöldi:**
300

 Félagsheimilið
Neskaupstað
 24. október 2023
 -

Dagskrá í tilefni dagsins. Fram komu Ásdís Helga Jóhannsdóttir, Anna Sigríður Þórðardóttir, Anna Margrét Arnarsdóttir, Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir og Alexandra Rzeszowska. Skiltagerð, kröfuganga, fjöldasöngur og útsending frá Arnarhóli.

PATREKSFJÖRÐUR

Tegund:
Útsending
**Áætlaður
fjöldi:**
40

 Vestur
Restaurant
 24. október 2023
 13:00

Kaffispjall og fylgst með útsendingu frá Arnarhóli.



Ævintýrlega
góð þátttaka
var á
Neskaupstað

Aleksandra Maciejka



Konur og kvár í Stykkishólmi hittust í morgunkaffi

Anna Melsteð

RAUFARHÖFN

Tegund:
Baráttu-
fundur
**Áætlaður
fjöldi:**
30

 Félagsheimilið
Hnitbjörg
 24. október 2023
 13:00

Fram komu Svava Árnadóttir og Bergdís L. Jóhannsdóttir.

SAUÐÁRKRÓKUR




Tegund:
Útsending
**Áætlaður
fjöldi:**
200

 Grána
 24. október 2023
 13:30

Konur og kvár komu saman og horfðu á útsendingu frá Arnarhóli

REYKJANESBÆR


Tegund:
Baráttu-
fundur
**Áætlaður
fjöldi:**
400

 Krossmói 4
 24. október 2023
 11:30

Dagskrá í tilefni dagsins. Fram komu Fida Abu Libdeh, Gunnhildur Þórðardóttir og Fríða Dís. Þá voru lesnar upp staðreyndir um stöðu kvenna og kvára. Fundargestir héldu margir til Reykjavíkur í kjölfarið.

STYKKISHÓLMUR

Tegund:
Kröfuganga/
útsending
**Áætlaður
fjöldi:**
60 // 80

 Bakarí/bókasafn
 24. október 2023
 9:00 // 14:00

Morgunfundur í bakaríinu og samstöðufundur eftir hádegi þar sem fylgst var með útsendingu frá Arnarhóli. Anna Melsteð og Erna Guðmundsdóttir fluttu ávörp.

VESTMANNNAEYJAR




Tegund:
Útsending
**Áætlaður
fjöldi:**
150

 Háaloftið,
Höllinni
 24. október 2023
 14:00

Skiltagerð, útsending frá Arnarhóli og kaffisþjall.

VÍK

Tegund:
Baráttu-
fundur
**Áætlaður
fjöldi:**
70

 Leikskólar,
samkomuhús
 24. október 2023
 12:45

Kröfuganga um Vík, auk samstöðufundar þar sem fram komu Harpa Elín Haraldsdóttir og Nichole Leigh Mosty. Pálínuboð og horft á útsendingu frá Arnarhóli.



Mætingin í Vestmannaeyjum fór fram úr björtustu vonum





Konur og kvár fóru í kröfugöngu í Vík.

Katrín Hólm Árnadóttir



Katrín Hólm Árnadóttir



STOPP
OFBELDI
FOKK
ÓRÉTTI

FJÁRMÁL



FJÁRMÁL

Viðburðurinn var fjármagnaður með styrkjum, aðallega frá heildarsamtökum launafólks, stéttarfélagum og forsætisráðuneytinu. Strax og ákveðið var að viðburðurinn yrði heilsdags viðburður, varð ljóst að meiru þyrfti að kosta til þess að koma þessu fyrirkomulagi á framfæri. Því voru áætlaðar hærri fjárhæðir í kynningu en oft áður, auk þess að almennar verðhækkningar höfðu áhrif á ýmsa kostnaðarliði. Þegar nær dró, og ljóst í hvað stefndi, var einnig farið í að tryggja það að svið og hljóðkerfi gætu mætt þeim fjölda sem myndi safnast saman. Allt í allt gekk fjárhagsáætlun ágætlega upp.

Kynningarmál

Kynningarmálin voru stór hluti kostnaðar og fóru um 10 milljónir í þennan lið. Stærstu einstöku kostnaðarliðirnir voru samstarf við auglýsingastofuna Hér & nú, hvatningarmyndband sem birt var í aðdraganda verkfallsins, og birtingar, sem voru tæplega helmingur kostnaðarins. Velta má upp hvort að hvatningarmyndbandið hafi skilað því sem lagt var upp með, en það reyndist frekt á tíma, orku og fjármagn. Það var þó mikill áhugi á myndbandsgerð hjá grasrótinni og spurning hvort hægt sé að vinna þennan lið meira í samstarfi við hana, þá með minni tilkostnaði.

Útifundur á Arnarhóli

Annar stærsti kostnaðarliðurinn var útifundurinn við Arnarhól, sem kostaði tæplega 6,5 milljónir. Þar af fóru tæplega 5 milljónir í tæknimál, og ljóst að verði viðlíka þátttaka á næsta viðburði þarf að setja enn meira í þann þátt, enda hefði hljóðkerfi þurft að vera enn öflugra og skjáir stærri, svo dagskráin myndi njóta sín betur og öll heyri vel.

Verkefnastjórn og annar útlagður kostnaður

Viðburðarstýra var ráðin til tveggja mánaða í aðdraganda fundarins. Þegar um svona stóran viðburð er að ræða, ætti að vera nokkuð ljóst að því þarf að fylgja eftir og mikilvægt að taka saman lokaskýrslu svo skipulagning verði auðveldari næst. Þessu þarf að gera ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Sem betur fer var fjárhagsáætlunin nægilega rúm til að ráða viðburðarstýru í áframhaldandi verkefnastjórn eftir viðburðinn.

Skipting fjármuna

Eitthvað bar á óánægju með skiptingu fjármuna, en sumir skipuleggjendur á landsbyggðinni áttu von á að fá fjármagn til skipulagningu viðburða um landið. Styrkur var veittur til eins viðburðarhaldara. Þá var gert ráð fyrir að kynningarefni nýttist öllu landinu, og veggspjöld send á einhverja staði, auk þess að stafrænt efni var gert aðgengilegt.

Til umhugsunar:

- ▶ Mögulega þarf að byggja inngildingu enn frekar inn í fjárhagsáætlun, til dæmis með því að koma til móts við þátttöku jaðarsettari hópa við skipulagningu og með því að greiða fyrir þýðingar, sem hingað til hafa verið unnar að mestu í sjálfboðaliðavinnu, eða á kostnað aðstandenda.

STYRK TARADILAR

Eftirfarandi aðilar styrktu verkefnið:

- ▶ Forsætisráðuneytið
- ▶ ASÍ
- ▶ BHM
- ▶ BSRB
- ▶ Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
- ▶ Kennarasamband Íslands
- ▶ Ráfiðnaðarsamband Íslands
- ▶ Sameyki
- ▶ Sjúkraliðafélag Íslands
- ▶ Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja
- ▶ VR

UPPGJÖR

TEKJUR

Forsætisráðuneytið	7.000.000
BHM	3.000.000
ASÍ	2.000.000
ASÍ - viðbótarstyrkur v. landsbyggðar	500.000
BSRB	1.000.000
Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga	1.000.000
KÍ	1.000.000
Rafiðnaðarsamband Íslands	1.000.000
Sameyki	1.000.000
Sjúkraliðafélag Íslands	1.000.000
VR	1.000.000
SSF	500.000
Styrkir úr sjóðum	1.000.000
Samtals	21.000.000

GJÖLD

Kynningarmál	10.032.436
Tækjaleiga og önnur tækni	4.449.352
Aðgengismál	562.860
Dagskrá	1.450.000
Rekstur og verkefnastjórnun	4.235.000
Samtals	20.729.648

Eftirstöðvar **270.352**

VERKKEFNASTJÓRNUN



VERKEFNA- STJÓRNUN

Verkefnið bar fremur brátt að, svo verkefnastjórnun þess fór fram á hálfgerðum hlaupum, mánuðina fyrir viðburðinn. Framkvæmdastjórn lagði stóru línurnar, en ráðin var viðburðarstýra til að hafa verkefnastjórnunarlega yfirsýn, deila verkefnum og framkvæma marga af þeim verkþáttum sem verkefnið fól í sér. BSRB tók líka gríðarlega mikla ábyrgð á vinnu við verkefnið, en fjórir starfskraftar samtakanna tóku stór verkefni að sér sem hluta af vinnu sinni, og urðu hálfgerð verkefnateymi ásamt viðburðarstýru, og sáu um framkvæmd margra verkþátta. Þá tóku aðilar úr framkvæmdastjórn að sér ýmsa verkþætti, sem var ómetanlegt.

Vafalaust hefði verið hægt að teikna verkefnið betur upp í upphafi, gera umfangsmeiri áætlanir og ferla betur, en til þess vannst einfaldlega ekki tími. Verkefnið gekk þó vonum framar og verkefnastjórnunarleg áhersla var fyrst og fremst á góða skjölun, svo betur mætti takast í áætlunargerð næst þegar viðburðurinn verður haldinn.

Eftirvinnsla

Í kjölfar viðburðarins fór fram uppgjör og frágangur á lokaskýrslu, ásamt vinnu við að aðlaga vef verkefnisins að nýju hlutverki, sem heimildagátt fram að næsta viðburði, og halda áfram umfjöllun um kröfur viðburðarins, samskiptum við fjölmiðla og samfélagsmiðlun. Þá var nokkur áhugi hjá erlendum aðilum að fá upplýsingar um það hvernig mætti best framkvæma svona verkefni, og er til skoðunar að gera einhvers konar leiðbeiningar aðgengilegar.

Heimildaskráning

Mikilvægt er að tryggja að ferlið sé skjalað, og að skráðar séu sögulegar heimildir um undirbúning, framkvæmd og þátttöku í viðburðinum. Teknar voru ljósmyndir og myndefni tekið upp, ásamt því að Kvennasögusafnið er að safna frásögnum af þátttöku í deginum. Þá hefði mátt hugsa fyrir slíkri heimildasöfnun fyrirfram, til dæmis með einföldum atriðum eins og að tilkynna skiltasöfnunarstaði á útifundi, þar sem fólk gæti skilið eftir skiltin sín ef það vildi, og með því að tryggja það að ljósmynd væri tekin af framkvæmdastjórn og skipuleggjendum (til dæmis upp á sviði við lok fundar).

YFIRLÝSING

ÁLYKTUN FUNDARINS Kvennaverkfall 24. október 2023

Við krefjumst leiðréttingar á vanmati „svokallaðra“ kvennastarfa. Að atvinnurekendur hætti að veita sér afslátt á launum kvenna og kvára. Við krefjumst sértækra aðgerða til þess að leiðréttu kjör þeirra kvenna og kvára sem lægstar tekjur hafa, því engin á að þurfa að lifa við fátækt. Við krefjumst þess að launamisrétti og mismunun verði útrýmt. Að konur og kvár geti lifað af launum sínum og fái tækifæri til að þróast í starfi til jafns við karla. Að fatlaðar konur og kvár hafi tækifæri til atvinnuþátttöku til að geta bætt kjör sín. Að menntun og hæfni kvenna af erlendum uppruna sé metin að verðleikum! Að konum og kvárum verði ekki lengur refsað fjárhagslega fyrir þá ólaunuðu umönnunarábyrgð sem þau axla yfir ævina og gjalda fyrir þegar á lífeyrisaldur er komið. Að gert verði samfélagslegt átak til að útrýma fordómum gegn fólki með fötlun, hinsegin fólki, fólki af erlendum uppruna og öðrum jaðarhópum. Við krefjumst þess að karlar taki ábyrgð á við konur og kvár. Taki ábyrgð á ólaunuðum heimilisstörfum og við umönnun fjölskyldumeðlima. Taki ábyrgð á ólaunaðri þriðju vaktinni. Við krefjumst þess að konur og kvár séu ekki í fjárhagslegum fjötrum ofbeldismanna. Að konur og kvár fái stuðning við að byggja upp fjárhagslegt sjálfstæði eftir að hafa lifað af kynbundið fjárhagslegt ofbeldi. Við krefjumst réttlætis og réttarbóta fyrir þolendur kynferðislegs og kynbundins ofbeldis. Að ofbeldismenn sæti ábyrgð og kynfrelsi sé virt. Að konur og kvár njóti öryggis og frelsi frá ofbeldi og áreitni í vinnunni, heima og í almannarými. Að kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi verði útrýmt. Við krefjumst þess að stjórn málin geri kröfur Kvennaverkfalls að forgangsmáli! Strax!

VIÐ KREFJUMST AÐGERÐA OG BREYTINGA! NÚNA!